

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987,
um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

1) Í gjaldflokki A bætast við tollskrárnúmerin 2106.9032 og 2106.9038.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1995.

Friðrik Sophusson.

Guðmundur Árnason.